

## Rekstrarstöðvunartrygging vegna rafeindatækja, gagnageymslumiðla- og gagnagrunna

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Tjónagrunnur:

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetning tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

**Efnisyfirlit**

2. gr.	Hverjir eru vátryggðir? .....	3
3. gr.	Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum .....	3
4. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu .....	4
5. gr.	Vátryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar .....	4
6. gr.	Vátryggingin tekur til: .....	4
7. gr.	Vátryggingin bætir ekki: .....	4
8. gr.	Bótatími .....	5
9. gr.	Biðtími .....	6
10. gr.	Vátryggingarverðmæti .....	6
11. gr.	Takmörkun rekstrartaps .....	6
12. gr.	Bótaákvörðun - Uppgjör tjóns .....	6
13. gr.	Útreikningur bóta .....	6
14. gr.	Varanleg rekstrarstöðvun .....	7
15. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði .....	7
16. gr.	Brot á varúðarreglum .....	7
17. gr.	Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun .....	7
18. gr.	Skyldur vátryggðs - Varúðarreglur .....	7
19. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar .....	7
20. gr.	Náttúruhamfarir, verkföll, hernaður, hryðjuverk o.fl. ....	8
21. gr.	Tilkynning um tjón – ráðsafanir til varnar tjóni .....	8
22. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning .....	8
23. gr.	Vátrygging undir verði – undirtrygging .....	8
24. gr.	Tvítrygging .....	8
25. gr.	Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts .....	8
26. gr.	Aukin áhætta .....	9
27. gr.	Endurkröfuréttur .....	9
28. gr.	Ágreiningur .....	9
29. gr.	Varnarþing .....	9

**2. gr. Hverjir eru váttryggðir?**

- 2.1 Váttryggingin er til hagsbóta fyrir váttryggingartaka/eiganda hins váttryggða. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins váttryggða. Váttryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinu váttryggða.

**3. gr. Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar á váttryggingartímanum**

- 3.1 Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur váttryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um váttrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða váttryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 3.2 Váttrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp. Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á váttryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun váttryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok váttryggingartímabilsins. Hafi váttryggingartaki ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt váttryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.
- 3.3 Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur váttryggingartaki aðeins sagt váttryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins.
- 3.4 Ef félagið hyggst ekki framlengja váttrygginguna skal tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á váttryggingarskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.
- 3.5 Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinn atvika eiga við:
1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
  2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
  3. ef váttryggður veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan;
  4. eftir að tjón hefur orðið, ef
    - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningu;
    - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
    - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.
- Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;
5. ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
- a. félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
  - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.
- Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;
6. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004.
7. ef alvarlegur trúnaðarbrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka.
- Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

**4. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu**

- 4.1 Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans.
- 4.2 Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.
- 4.3 Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.
- 4.4 Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.
- 4.5 Þegar vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins vátryggða greitt út við altjón og vátryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

**5. gr. Vátryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar**

- 5.1 Vátryggingarfjárhæðir þær og fjárhæðir eigin áhættu sem koma fram í skilmálum þessum fylgja þróun verðlags í landinu og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og eru fjárhæðirnar miðaðar við vísitöluna þegar hún var 221,8 stig (mars 2002).
- 5.2 Tjón bætast þannig í samræmi við þá vátryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi.
- 5.3 Sömuleiðis breytist iðgjaldið í samræmi við vátryggingarfjárhæðina eins og hún er á endurnýjunardegi vátryggingarinnar.
- 5.4 Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

**6. gr. Vátryggingin tekur til:**

- 6.1 Rekstrartaps sem vátryggður verður fyrir vegna samdráttar í sölu vöru og þjónustu sökum þess, að tjón hefur orðið á vátryggðum rafeindatækjum og búnaði á vátryggingarstað þeim, sem tilgreindur er á vátryggingarskírteininu og sem rafeindatækjategygging samkvæmt skilmálum félagsins nær til.
- 6.2 Rekstrartaps sem vátryggður verður fyrir vegna samdráttar í sölu vöru og þjónustu sökum þess, að tjón hefur orðið á gagnageymslumiðlum og/eða gagnagrunnum á vátryggingarstað þeim, sem tilgreindur er á vátryggingarskírteininu og sem gagnageymslumiðla- og gagnagrunnatrygging samkvæmt skilmálum félagsins nær til.
- 6.3 Rekstrartaps sem vátryggður verður fyrir vegna taps eða skemmda á stýrikerfum og leiðir af bótaskyldu tjóni á óútskiptanlegum gagnageymslumiðlum.
- 6.4 Forsenda bótaskyldu er að hinu vátryggða hafi í engu verið ábótavant við afhendingu til vátryggðs, því hafi verið endanlega komið fyrir og hafi verið fullreynt í gangi. Það er enn fremur skilyrði að farið sé eftir leiðbeiningum framleiðanda og söluaðila um hverskonar rými hið vátryggða skal hýst í.
- 6.5 Greiðsluskylda félagsins takmarkast við rekstrartap sem verður samkvæmt gr. 6.1, 6.2 og gr. 6.3 á því tímabili sem tilgreint er á vátryggingarskírteininu.

**7. gr. Vátryggingin bætir ekki:**

- 7.1 Aukið rekstrartap vegna verkfalls, verkbanns eða þess að töf verður á því að hefja reksturinn aftur sökum fjármagnsskorts, endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða þess háttar.

- 7.2 Rekstrartap sem orsakast eða lengist vegna endurbóta eða breytinga á váttryggðum gagnagrunnum eftir tjónsatburð; hverskonar útstrikunar á villum í núverandi hugbúnaði og hverskonar breytinga á ranglega handfærðum upplýsingum.
- 7.3 Ákvæði 15.-17. gr. gilda varðandi skemmdir sem raktar verða til ásetnings eða stórfellds gáleysis váttryggðs eða starfsmanna sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum.
- 7.4 Bætur eru ekki greiddar vegna rekstrartaps af völdum:
- 7.5 Skemmda sökum ónógrar gæslu eða viðhalds, að því leyti sem það verður rakið til sakar váttryggðs eða starfsmanna sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum.
- 7.6 Skemmda sökum þess að meira er lagt á tæki en þau þola eða þau eru ekki notuð eins og til er ætlast eða gerð þeirra leyfir.
- 7.7 Skemmda sem stafa af galla eða annmarka sem var fyrir þegar váttryggingarsamningur var gerður og váttryggðum eða starfsmönnum sem gegndu ábyrgðarstöðu hjá honum var eða mátti vera kunnugt um.
- 7.8 Skemmdir sem þriðji aðili ( t.d. framleiðandi, dreifingaraðili, seljandi, flutningsaðili eða viðgerðarþjónusta ) ber skaðabótaábyrgð á samkvæmt lögum eða samningi.
- 7.9 Slits, hægfara eyðingar, ryðskemmda, tæringar, sýringar, sviðskemmda, rispa á máluðum eða lökkuðum flötum, brots á gleri eða viðhaldskostnaðar.
- 7.10 Skemmda sökum vatns- eða sýrugufu eða annarra skaðvænna lofttegunda eða ryks ef slíkt fylgir venjulegum rekstri váttryggðs.
- 7.11 Tjóns sem hlýst af röngum innslætti gagna eða rangri textun.
- 7.12 Tjóns sem takmarkast við hluti sem skipta þarf um reglulega við eðlilega notkun, þ.m.t. hjálparefni, rekstrarvörur, perur, rafhlöður, filterar, mynd-, röntgen- og leysilampar.
- 7.13 Dagsekta vegna seinkunar verks eða þess að ekki hefur verið staðið við samningsbundnar skyldur.
- 7.14 Skemmda sem raktar verða til tölvuvírusa, trújuhesta o.þ.h.
- 7.15 Tjóns á öðrum hlutum, t.d. efnum, vörum eða vélum, en þeim sem tilgreindar eru á váttryggingarskírteini og/eða váttryggingarbeiðni.
- 7.16 Tjóns á gagnagrunnum og gagnageymslumiðlum sem kemur í ljós eftir að váttryggingunni lýkur, nema sönnur séu færðar á það, að tjónið megi rekja til bótaskylds atburðar sem varð á váttryggingartímanum.
- 7.17 Tjóns á gagnagrunnum og gagnageymslumiðlum sem tilkynnt er félaginu að sex mánuðum liðnum frá lokum váttryggingarinnar.

## 8. gr. Bótatími

- 8.1 Bótatími er það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteininu og félagið bætir lengst rekstrartap á af völdum bótaskylds tjóns.
- 8.2 Bótatími hefst við lok biðtímans, sbr. 9. gr.
- 8.3 Bótatími vegna rekstrartaps sbr. gr. 6.2 hefst við lok biðtímans og stendur í þrjá mánuði, nema öðruvísi hafi verið um samið.
- 8.4 Þegar um sérhæfðan hugbúnað er að ræða takmarkast bótatími vegna rekstrartaps sbr. gr. 6.2 við endurnýjun, hvort heldur er sjálfvirkt eða handvirkt, á upplýsingum úr varaeintaki eða frumeintaki sem er í vörslu váttryggingartaka. Sá tími sem fer í endurbætur á hinum sérhæfða hugbúnaði eða endurforritun hans bætist ekki.
- 8.5 Bótatímanum lýkur í síðasta lagi jafn mörgum mánuðum síðar og tilgreint er í váttryggingar-skírteininu og á sama tíma sólahrings sem hann hófst.

**9. gr. Biðtími**

- 9.1 Vátryggingin tekur ekki til samdráttar í sölu vöru og þjónustu sem stafar af stöðvun - að öllu eða nokkru leyti - á starfsemi vátryggðs á þeim biðtíma sem tilgreindur er á vátryggingarskírteininu.
- 9.2 Biðtími telst frá þeim tíma þegar staðfest er að vátryggingaratburður hafi átt sér stað.

**10. gr. Vátryggingarverðmæti**

- 10.1 Vátryggingarfjárhæðin skal nema vátryggingarverðmætinu, sbr. gr. 10.2. Ef vátryggingarfjárhæðin er lægri en vátryggingarverðmætið er um undirtryggingu að ræða og er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim sem er á vátryggingarfjárhæðinni og vátryggingarverðmætinu.
- 10.2 Ef vátryggingin er með bótatíma í 12 mánuði eða skemur nemur vátryggingarverðmætið áætlaðri veltu vátryggðs vegna sölu vöru og þjónustu fyrstu 12 mánuðina eftir upphaf bótatímans, sbr. 8. gr., að frádreginni áætlaðri notkun á sama tímabili á:
- verslunarvörum til endursölu,
  - hráefnum og hálfunnum vörum,
  - umbúðum og öðrum tilgreindum kostnaði á vátryggingarskírteini og/eða vátryggingarbeiðni.
- 10.3 Með veltu er átt við bókfærða sölu að frádregnum virðisaukaskatti, veittum afslætti eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum.

**11. gr. Takmörkun rekstrartaps**

- 11.1 Ef tjón verður er vátryggðum skylt, að svo miklu leyti sem honum er unnt, að koma í veg fyrir og takmarka áhrif tjónsins, þ.m.t. að leitast við að halda áfram sölu vöru sinnar og þjónustu í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka rekstrartapið.
- 11.2 Vátryggðum er skylt að hafa samvinnu við félagið um ráðstafanir til að koma í veg fyrir rekstrartap eða takmarka það, sbr. gr. 13.5.

**12. gr. Bótaákvörðun - Uppgjör tjóns**

- 12.1 Uppgjör eftir tjón hefst í síðasta lagi 14 dögum eftir að bótatíma vátryggingarinnar lýkur enda liggi þá fyrir af hálfu vátryggðs reikningslegar upplýsingar um áhrif rekstrarstöðvunarinnar á bótatímanum.
- 12.2 Ef tjón verður fer fram uppgjör á vátryggingarverðmætinu, sbr. gr. 10.2.
- 12.3 Vátryggingarverðmætið þannig fundið er notað við útreikning bóta ef það er lægra en vátryggingarfjárhæðin, annars er vátryggingarfjárhæðin notuð. Sú fjárhæð sem lögð er til grundvallar við útreikning bóta nefnist bótagrundvöllur.

**13. gr. Útreikningur bóta**

- 13.1 Vátryggður á aldrei rétt á hærri bótum en með þarf til þess að bæta tjón það sem hann hefur orðið fyrir og vátryggingin nær til.
- 13.2 Bætur miðast við sama hlutfall af bótagrundvöllinum og samdráttur í veltu af völdum tjónsins á bótatímanum af áætlaðri veltu vegna sölu vöru og þjónustu í 12 mánuði frá upphafi bótatímans, sbr. 8. gr.
- 13.3 Með veltu er átt við bókfærða sölu að frádregnum virðisaukaskatti, veittum afslætti eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum.
- 13.4 Ef útgjöld sparast á bótatímanum lækka bætur að sama skapi.
- 13.5 Samkvæmt samkomulagi við félagið er greiddur eðlilegur kostnaður vegna ráðstafana skv. 11. gr., en þó því aðeins, að þær hafi áhrif á bótatímann og jafnframt með þeim fyrirvara, að heildarbætur félagsins, þ.m.t. slíkur kostnaður, verði ekki hærri en ef ráðstafanir skv. 11. gr. hefðu ekki verið gerðar.

- 13.6 Verði bótaskyldur atburður skv. 1., 4. og 5. tölulið gr. 8.3 í skilmálum félagsins fyrir gagnageymslumiðla- og gagnagrunnatryggingu takmarkast heildarbætur félagsins við kr.100.000.000, en fara þó aldrei fram úr vátryggingarfjárhæð skirteinisins.
- 13.7 Sé um undirtryggingu að ræða lækka bætur skv. gr. 13.5 að sama skapi.

## 14. gr. Varanleg rekstrarstöðvun

- 14.1 Hefjist atvinnurekstur vátryggðs ekki aftur eftir vátryggingaratburðinn miðast bótafjárhæð við þann tíma, þó ekki lengri tíma en bótatímann, sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til reksturinn gæti hafist aftur.
- 14.2 Af þeirri fjárhæð, sem þannig er reiknuð út, greiðist einungis sá hluti er telja má til óhjákvæmilegs kostnaðar sem vátryggður getur sannað að hann hafi lagt í.
- 14.3 Hafi reksturinn stöðvast af orsökum, sem vátryggður ræður ekki við, greiðast bætur án tillits til ákvæða gr. 14.2.

## 15. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði

- 15.1 Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.
- 15.2 Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

## 16. gr. Brot á varúðarreglum

- 16.1 Varúðarreglur eru hátternisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir því að veita vátrygginguna að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.
- 16.2 Hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

## 17. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun

- 17.1 Ákvæði sem kveða á um að réttur vátryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vátryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna vátryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

## 18. gr. Skyldur vátryggðs - Varúðarreglur

- 18.1 Það er skilyrði fyrir bótaskyldu að:
- 18.2 Öryggisafrítun gagna fari fram eigi sjaldnar en einu sinni í viku. Öryggisgagnageymslumiðlarnir skulu skilmerkilega merktir og dagsettir; þeir skulu geymdir í læstu rými á eldvörðum stað utan húsnæðis vátryggðs, s.s. í þar til gerðum öryggisskáp ætluðum tölvugögnum,
- 18.3 ætíð sé farið eftir skilmálum og ráðleggingum framleiðanda og söluaðila varðandi viðhald og meðferð hins vátryggða,
- 18.4 allir starfsmenn vátryggðs hafi fyrir sitt leyti staðfest, að tölvuvinnsla gagna sé ætíð unnin í þágu fyrirtækisins og að upplýsingar og hugbúnaður sé því aðeins notaður að vátryggður hafi fullgilda heimild til notkunar hans,
- 18.5 til staðar sé aðgangsvarnarkerfi (eldveggur) sem reglulega er uppfært.

## 19. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

- 19.1 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.



- 19.2 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.
- 19.3 Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 3. gr. skilmála þessara.

## 20. gr. Náttúruhamfarir, verkföll, hernaður, hryðjuverk o.fl.

- 20.1 Váttryggingin tekur ekki til tjóns eða slyss, sem að því er orsök og umfang varðar verður beint eða óbeint af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneyti og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, óeirða, uppþota, verkfallsaðgerða eða sambærilegra atburða. Sama gildir um tjón sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara. Tjón vegna náttúruhamfara eru bætt af Viðlagatryggingu Íslands.
- 20.2 Váttryggingin tekur ekki til tjóns af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

## 21. gr. Tilkynning um tjón – ráðsafanir til varnar tjóni

- 21.1 Tjón skal tilkynna félaginu svo fljótt sem verða má.
- 21.2 Þegar tjón sem váttryggt er gegn hefur átt sér stað eða hætta er á að það verði, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því.
- 21.3 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 21.4 Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur haft í för með sér skerðingu eða jafnvel missi bóta.

## 22. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

- 22.1 Váttryggður glatar rétti til bóta ef:
1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
  2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.
- 22.2 Krafa váttryggðs um bætur fyrnist samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

## 23. gr. Váttrygging undir verði – undirtrygging

- 23.1 Váttryggður glatar rétti sé váttryggingarfjárhæð lægri en váttryggingarverðmæti er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim sem er á váttryggingarfjárhæð og váttryggingarverðmæti.

## 24. gr. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkafið önnur félög hlutfallslega.

## 25. gr. Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts

Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.



## 26. gr. Aukin áhætta

Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina vátryggðu áhættu, svo sem um notkun og gerð hins vátryggða. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

## 27. gr. Endurkröfuréttur

Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur. Vátryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

## 28. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

## 29. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá 1.júlí 2015 og koma í stað skilmála þeirra sem giltu frá 1. janúar 2006.**

[Efst á skjal](#)